

Nefndarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

***Efni: Umsögn Höfuðborgarstofu á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 326. mál.***

Við er í beiðni nefndarsviðs Alþingis sem barst með tölvupósti 2. mars síðastliðinn um umsögn við tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku.

Höfuðborgarstofa telur brýnt að unnið verði áhættumat fyrir Ísland með tilliti til ferðamennsku með það að markmiði að fækka slysum og óhöppum ferðamanna og landsmanna í óbyggðum og utan alfaraleiða. Í ljósi þess að Stjórnstöð ferðamála hefur þegar sett saman vinnuhóp með fulltrúum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og undirstofnunum ráðuneytanna sem skilað hefur tillögum að aðgerðum að bættu öryggi ferðamanna og almennings fyrir árið 2016 og mun vinna að heildstæðri langtímaáætlun varðandi öryggi á ferðamannastöðum, telur Höfuðborgarstofa ekki ástæðu til að fallast á nauðsyn þess að mælt verði fyrir þingsályktunartillögunni eins og hún stendur nú. Vinnan er þegar hafin með hlutaðeigandi aðilum og tillögur vinnuhópsins verið lagðar fyrir viðkomandi ráðuneyti til umfjöllunar. Er ráðgert að í framhaldinu verða tillögurnar lagðar fyrir ríkisstjórn til samþykktar.

Virðingarfyllt.

Áshildur Bragadóttir  
Forstöðumaður Höfuðborgarstofu

